



## ÓLGA, kynjaslangan

Um er að ræða sjálfstætt framhald bókanna, ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan og ÓRÓI, krunk hrafnanna. Höfundur er Hrund Hlöðversdóttir.

Í bókinni ÓLGA, kynjaslangan, fylgjast lesendur með sömu sögupersónum og í fyrri bókum þeim Svandísi sem segir söguna, Láru, Brjáni, Sylvíu, Hrafnklukku og Þráni. Bókin byggir líkt og fyrri bækur á þjóðsagnaarfi Íslendinga og nú eru það sögur af haffólki og vatnaskrímslum sem tengjast ævintýrum unglingsanna. Sögusviðið er á sveitabæ undir Hraundranga í Öxnadal. Bókin er spennu- og ævintýrasaga fyrir ungmenni og fullorðna sem hafa gaman af dulheimum.

Hrafnklukka heldur því fram að Kormákur álfakonungur sé enn á lífi en álfasystkinin Sylvía og Brjann trúa því ekki og sú togstreita veldur upplausn í vinahópi Svandísar.

Andspyrnuflokkur innan skuggaheima reynir að koma foringjanum frá völdum en barátta skugga og huldufólks nær hæstu hæðum og út brýst blóðug styrjöld. Galdraseyði, galdrapulur, lífsteinar og jarðhræringar koma við sögu þegar þarf að kljást við stórhættulega kynjaslöngu mitt í hatrömmum deilum tveggja heima.

Á lokaári í grunnskóla styrkjast vinaböndin og ýmsar áleitnar spurningar banka upp á hjá unglíngunum um ástina og lífið.

Líkt og í fyrri bókum eru tvær hliðarsögur sem fléttast inn í aðal söguna. Lesendur fylgjast með sögu þar sem sagt er frá því hvernig lyngormi er breytt í stórhættulega kynjaslöngu og frá veru gamals manns meðal haffólks.

Íris Auður Jónsdóttir myndlistarkona hannaði og málaði myndina á bókarkápu. Íris Auður og börn hennar Emil Logi og Agnes Lóa myndskreyttu kaflana.

Bókaútgáfan Hólar gefur bókina út.